

## **Verkefnaráð**

### **Fundargerðir: Verkefnaráð 20.02.2025**

<b>Verkefnaráð</b> .....	1
Rafrænar beiðnabækur, niðurstaða frumathugunar.....	2
Vefur Borgarbókasafns – niðurstaða greiningar og næstu skref.....	5
Verkefnastjórnunarumhverfi fyrir verkefnastofu USK.....	8
Framþróun og fjölbreytni á reykjavik.is .....	11
Framtíðaruppbygging veflausna (áður þriðja leiðin) .....	13
Önnur mál .....	15

# Verkefnaráðsfundur 20.02.2025

<b>Verkefni</b> Verkefnaráð	<b>Yfirskrift fundar</b> Verkefnaráðsfundur 2024
<b>Dagsetning</b> 20.02.2025	<b>Staðsetning</b> Borgartún 12-14
<b>Mættir:</b> Eva Björk Björnsdóttir, Harpa Atladóttir, Óskar Sandholt, Ólafur Sólimann Helgason, Arna Ýr Sævarsdóttir, Ágústa Rós Árnadóttir, Erna Kristjánsdóttir, Lára Aðalsteinsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Björn Unnar Valsson, Ásgrímur Már Friðriksson, Hreinn Valgerðar Hreinsson	
<b>Fjarverandi:</b>	
<b>Fundarritari:</b> Harpa Atladóttir / Eva Björk Björnsdóttir	

Fimmtudagur 20. febrúar 2025, kl. 10:00 –11:30 6.hæð vestur, Þverárkot, Borgartún 12-14

10:00 -10:05 Samstilling

10:05–10:25 Rafrænar beiðnabækur, niðurstaða frumathugunar og næstu skref – Ágústa og Erna

10:25–10:30 Umræður

10:30–10:45 Vefur Borgarbókasafn niðurstaða greiningar og næstu skref – Lára A, Guðrún og Björn

10:45–10:50 Umræður

10:50-11:05 Verkefnastjórnunarumhverfi fyrir verkefnastofu USK – Ásgrímur Már

11:05-11:10 Umræður

11:10-11:25 Framþróun og fjölbreytni á Reykjavík.is – Guðrún og Hreinn

11:05-11:30 Umræður

11:30-11:45 Framtíðaruppbygging veflausna – Guðrún og Hreinn

11:45-11:50 Umræður og önnur mál

11:50 Fundi slitið

## Rafrænar beiðnabækur, niðurstaða frumathugunar

Farið var í frumathugun (e. Proof of concept POC) til þess að sannreyna með notendaprófunum bestu mögulegu lausnir á rafrænum beiðnabókum og í kjölfarið að rökstyðja val á lausn. Skilyrði er að lausnin þurfi að tryggja sjálfvirka samsvörun milli innkaupa beiðna og rafrænna reikninga. Hér er um að ræða fyrsta fasa í því að leggja niður beiðnabækur á pappír.

Tímalínan var september 2024 til janúar 2025. Kostnaður nam 1,9 m.kr.

Farið var af stað í verkefnið þar sem í dag er verið að notast við beiðnir á pappír og innkaupakortum. Eru þær um 20-25 þúsund beiðnir árlega. Augljóslega mörg handtök, skortur á yfirsýn, engin sjálfvirkni og hætta á misferli.

Markmiðið með verkefninu er að leggja niður beiðnabækur á pappír, fara í sjálfvirknivæðingu og þannig lágmarka hættu á misferli, fækka handtökum og spara vinnustundir, auka ánægju bókhalds og innkaupaaðila og fækka kolefnissporum.

**Frumathugunin fól í sér:**

- Valdar voru 2 lausnir út frá forgreiningu.
- Fallið frá hönnun á innanhússlausn.
- Tveir aðilar boðaðir á fund – Origo með Unimaze og Síminn Pay.
- Aðeins önnur lausnin var hæf í prófanir – Síminn Pay.
- Fengin inn ráðgjöf vegna notendaprófana.
- Aðkoma lögfræðings vegna persónuupplýsinga.
- Framkvæmdar voru notendaprófanir á vettvangi með USK, SFS, Ikea og Húsasmiðju.
- Tilboð frá Símanum Pay liggur fyrir.
- Verklökaskýrsla og tillaga að vali á lausn.

**Lausnin og kostnaður****Lausnin**

- Lausn Símans Pay uppfyllir kröfur bókhalds Reykjavíkurborgar.
- Stjórnendur stofna beiðnir í gegnum þjónustuvef og app.
- Rauntímakostnaður á verkefnum, deildum, sviðum og birgjum.
- Yfirstandandi vinna með Hagkaup og Samkaupum um innleiðingu á rafrænum beiðnum.
- Betrumbætt app mun líta dagsins ljós í mars/apríl.
- Þjónustuvefur er einnig í þróun.
- 

**Niðurstaða frumathugunar:**

- Niðurstöður notendaprófana sýndu afgerandi ánægju með lausnina.
- Allir þátttakendur svöruðu staðhæfingum könnunarinnar jákvætt, þ.e forritið var einfalt, fljótleg í notkun, og traust til forritsins var afgerandi.
- Meirihluti þátttakenda svaraði fullyrðingum með „mjög sammála“ .

**Búið er að gera:**

- Áskorunarrammi.
- Forgreining með þjónustuhönnuði.
- Vinnustofa með hagaðilum.
- Notendaviðtöl.
- Frumathugun (POC).
- Viðræður við birgja.
- Tilboð um kostnað.
- Notendaprófanir.
- Úrvinnsla.

**Niðurstaða verkefnateymis:**

Leggur til að Síminn Pay verði fyrir valinu.

**Með verkefninu á m.a að:**

- Leggja niður beiðnabækur á pappír.
- Sjálfvirknivæðing.
- Lágmarka áhættu á misferli.
- Fækka handtökum og spara vinnustundir.
- Auka ánægju bókhalds og innkaupaaðila.
- Minnka kolefnisspor.

**Væntur ávinningur/ábati:**

- Leggja niður beiðnabækur á pappír.
- Sjálfvirknivæðing.
- Lágmarka áhættu á misferli.
- Fækka handtökum og spara vinnustundir.
- Auka ánægju bókhalds og innkaupaaðila.
- Minnka kolefnisspor.

**Mælanlegur ábati:**

- Árlegur prentkostnaður og stöðugildi 37,5 m.kr .
- Umhverfisáhrif Já (Hætta að prenta og minni akstur).
- Tímasparnaður Já (2 stöðugildi á ári).
- Kostar minna Já.
- Fækkar kærur Nei.
- Samrekstur Já (Hvert svið ber ábyrgð á aðgangsstýringu og rekstarkostnaði hjá sér).

**Annar ábati:**

- Aukinn agi í innkaupum hjá borginni og minni líkur á misnotkun.
- Aukin ánægja innkaupaaðila hjá borginni.
- Aukin skilvirkni hjá bókhaldi.
- Sjálfvirkni í bókun reikninga.
- Aukin ánægja birgja.

**Samantekt ábata:**

- Verkefnið styður mjög áþreifanlega við græn skref þar sem hætt verður að prenta beiðnabækur og keyra þær á milli staða.
- Einfalt, gagnsætt og sjálfvirkt ferli.
- Verkefnið eykur ánægju og gegnsæi bæði hjá starfsfólki og birgjum.
- Fjárhagslegur ábati er til staðar.

**Óskað er eftir frá verkefnaráði:**

- Fjármagni sem nemur 20,9 m.kr.
- Fá verkefnastjóra, stoðteymi og sérfræðikostnað (verktaki fjárhagskerfið).

**Tímarammi:** 12 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 20,9 m.kr.

**Næstu skref:**

- Klára samningamál við Simann Pay.
- Fullklára innleiðingaráætlun.
- Kynning með hagsmunaaðilum.
- Leiðbeiningar og kennsla á kerfi.
- Innleiðing á alla starfsstaði borgarinnar.
- Vörustýring á þON.
- Innleiða rekstur á sviðum.

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 7.5.2024 og 20.02.2025: 3,87

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefnið er samþykkt. Góð greining. Það þarf að liggja fyrir samþykki fjármála- og áhættustýringarviðs á því að taka rekstarkosnað inn í framtíðina og vörustýringu.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefnið samþykkt

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir verkefnastjóra og stafrænan leiðtoga FAS	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu og deildarstjóra vef- og vörustýringardeildar	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

**Vefur Borgarbókasafns – niðurstaða greiningar og næstu skref**

Borgarbókasafn Reykjavíkur þarf nýja lausn til að þjónusta lánþega á vefnum, kynna þjónustu stofnunarinnar og viðburði henni tengda sem og lyfta upp starfsemi sinni í hverfum borgarinnar.

Á fundi verkefnaráðs 7.3.2024 var verkefnið ekki samþykkt eins og lagt var upp með. Kostnaður þótti mikill, þ.e 54 m.kr. Óskað var eftir frekari greiningu þar sem settir væru fram þrír valkostir.

Komið var aftur fyrir fund verkefnaráðs þann 31.10.2024 þar sem óskað var eftir að fá verkefnastjóra til að leiða greiningarvinnu í að rýna þrjá kosti, A, B og C:

- A: Greining á núverandi vef og kanna uppfærslu á honum.

- B: Greining á bokmenntir.is og kanna möguleikann á nýtingu á bakenda hans.
- C: Óbreytt ástand.

Það var samþykkt.

Nú er komið inn í þriðja sinn og lögð fram niðurstaða greiningarvinnu. Þar var kannað hvort að hægt væri að uppfæra vef Borgarbókasafnsins. Útfærslumöguleikar voru greindir með tilliti til umfangs, kostnaðar, tíma og annarra þátta. Fjórar tillögur voru skoðaðar með sérfræðingu:

1. Aðlaga NEXT (forrituð skel yfir vef sbr. því sem gert er fyrir danska bókasafnssamlagið) að þörfum Borgarbókasafnsins og smíða vef sem notar kerfið.
2. Smíða nýja vef frá grunni með öllum eiginleikum NEXT.
3. Nýr vefur í Drupal 11 án notendapjónustu, framendi í React.
4. Uppfæra vefinn í Drupal 11.

Greindir voru kostir og gallar hverjar leiðar og eins kostnaður og tími.

#### **Óskað er eftir frá verkefnaráði:**

- Verkefnahópur óskar eftir stuðningi verkefnaráðs um að fara leið 3: Drupal 11 bakenda og React framenda, beinir notendum á Leitir.is (kerfi Landskerfa Bókasafna) til að tengjast við bókasafnskerfið.
  - Óskað er eftir verkefnastjóra í 10 mánuði í 40% hlutfall í verkefnið
  - Framendaforritara
  - Stuðningu UTR við að koma lausn inn í umhverfi borgarinnar
- Samtals: 33,5 m. kr.

#### **Hvað er búið að gera:**

- Áskorunarrámi og forgreining stafræns leiðtoga
- Forgreining með þjónustuhönnuði
- Þjónustukönnun hjá Borgarbókasafni
- Skrifborðsrannsókn um fyrirliggjandi stefnur og lög um Borgarbókasafn
- Rýni vefsérfræðings hjá borginni
- Vinnustofa og fundir þar sem verkefnið var tætt niður og púslað upp aftur og hverjum steini snúið við
- Greining á leiðum til að uppfæra Drupal 7, skýrsla frá Salvari Þór

#### **Væntur ávinningur/ábati:**

- Mælanlegur ábati:
- Umhverfisáhrif Já, (ca. 35 tonn koltvísýringur)
- Tímasparnaður Já (1 stöðugildi í 2 mánuði)
- Kostar minna Já (miðað við núverandi lausn)
- Fækkar kærum Nei

- Samrekstur Já
- Sparnaður um 4 m.kr. árlega og sem svarar þjónustusamning að hluta ca. 2-3 milljónir árlega.

**Annar ábati:**

- Styður við þjónustustefnu borgarinnar
- Ímynd Borgarbókasafns í takt við Reykjavíkurborg
- Starfsánægja og bætt samstarf sviða
- Öruggt tækniumhverfi
- Lausn sem fylgir veflausn borgarinnar
- Ánægja borgarbúa

Samantekt ábata: Hagræðing um að minnsta kosti 4 m. kr. árlega næstu ár. Getur sparað okkur til 5 ára um 15 m. kr að vera utan þjónustusamnings.

**Tímarammi:** Fer eftir því hvaða leið er valin, ef leið 3 sem verkefnahópur mælir með þá 10 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 33 m.kr. ef leið 3 verður fyrir valinu

**Næstu skref:**

- Kynna niðurstöður fyrir eiganda hjá Borgarbókasafni og yfirstjórn menningar- og íþróttasviðs.
- Greina leiðir við samþættingu.
- Greina hver framkvæmir framendaforritun.
- Skoða framenda hönnun og leysa með Borgarbókasafni.
- Hefja samtal við Landskerfi um tengingar og þróun með öðrum almenningubókasöfnum s.s. um Mínar síður.

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs 20.02.2025 (áður dags 29.1.2024, 31.10.2024): 3,33

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefnið samþykkt. Mikilvægt að það liggi fyrir samþykki sviðstjóra og fjármálastjóra menningar- og íþróttasviðs um kostnað vegna vörustýringar/vefteymis og rekstrarkostnaði inn í framtíðina.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt.

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga MÍR	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringar og þróunarstjóra.	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

## Verkefnastjórnunarumhverfi fyrir verkefnastofu USK

Verkefnastofa umhverfis- og skipulagssviðs (USK) hefur verið án heildræns verkefnastjórnunar umhverfis frá því að PIAB (verkefnastjórnunartól) hætti starfsemi árið 2022. Í dag er unnið í ótengdum lausnum án heildrænnar yfirsýnar. Verkefnastofa USK er því með með tækniskuld og tekjuleka eftir 3 ár með starfsemi án verkefnastjórnkerfis.

Sviðið vill innleiða nútímalegt og notendavænt verkefnastjórnkerfi og geta tekið gagnadrifnar ákvarðanir byggðar á rauntíma upplýsingum og vera með sameiginlegt verkefnastjórnunarkerfi sem hentar þörfum allra skrifstofa USK.

Verkefnastofa USK óskar því eftir aðstoð frá þjónustu- og nýsköpunarsviði (ÞON) við að klára þarfagreiningu/kröfulýsingu fyrir verkefnastjórnunarumhverfi ásamt vali á kerfi. Þar að auki vill verkefnastofa kanna betur fýsileika þess að nota lausnir sem Reykjavíkurborg er nú þegar með í notkun en annars að fara í verðfyrirspurn/markaðskönnun eða útboð ef þess gerist þörf.

Helstu vandkvæði snúa að:

- Skortur á verkefnastjórnunar- og upplýsingakerfi.
- Skortur á miðlægum gagnagrunni og samþætting milli kerfa.
- Skortur á miðlægri stafrænni yfirsýn á verkefni USK og stöðu þeirra.

Um er að ræða u.þ.b. 25 milljarða á ári sem eru settir (eingöngu) í framkvæmdaverkefni á vegum USK. Á sviðinu eru a.m.k rekin 300 verkefni árlega.

### Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Fjármagni uppá 2,7 m.kr.
- Verkefnastofa USK óskar eftir aðstoð frá ÞON við að ljúka og fullvinna þarfagreiningu/kröfulýsingu fyrir verkefnastjórnunarumhverfi ásamt vali og kaupum á verkefnastjórnunartóli.
- Áætlaður tími er 12 vikur í 60% hlutfalli.

### Búið er að gera:

- Áskorunarrammi.
- Rammi stafrænna verkefna.
- Vinnustofa með hagaðilum.
- Notendaviðtöl og sögur.
- Forgreining með verkefnastofu USK



- Kynningar og rýni á verkefnastjórnunarumhverfi hjá Nýja Landspítalanum, Framkvæmdasýslu Ríkisins og Isavia.

**Með verkefninu á m.a að:**

Heildrænt verkefnastjórnunarkerfi er lykilatriði til að tryggja skýran og skilvirkan rekstur verkefna. Það leysir vandamál eins og skort á yfirsýn, ómarkvisst upplýsingaflæði og ósamræmi í vinnubrögðum.

Með því að sameina gögn úr mismunandi kerfum í rauntíma veitir kerfið stjórnendum verkfæri til að taka upplýstar ákvarðanir og tryggja starfsfólki skýra verkferla og bætt samskipti.

Markmið þessarar vinnu er að spara tíma, draga úr áhættu og tryggja að fjármunir og auðlindir séu nýttar á sem hagkvæmasta hátt, sem skilar sér í markvissari og árangursríkari framkvæmd verkefna.

**Fyrsti áfanginn:**

Markmið með honum er að veita stjórnendum og verkefnastjórum tæki og ferla til að stýra einstökum verkefnum, fylgjast með framvindu og tryggja árangursríka framkvæmd innan skilgreindara ramma (þ.e tíma, kostnaðar, umfangs).

**Væntur ávinningur/ábati:**

Mælanlegur ábati:

- Tímasparnaður 25% (sem sparast við uppflettingu gagna og stöðumati).
- Áætlað er að betri yfirsýn muni leiða til færri mistaka.
- Getur hækkað traust.

Annar ábati:

**Notendur:**

- Betri yfirsýn yfir verkefni.
- Auðveldara að fylgjast með stöðu verkefna og hver gerir hvað.
- Auðveldari samvinna og miðlun upplýsinga.
- Skýrir ferlar fyrir samráð og samskipti milli deilda.
- Skýrara ábyrgðarsvið.
- Aðgangur að nauðsynlegum gögnum á réttum stað.
- Minni tími fer í að leita að upplýsingum.

**Stjórnendur:**

- Heildaryfirsýn yfir verkefni og mannafla.
- Hægt að sjá stöðu verkefna, forgangsraða og úthluta mannafla betur.
- Auðveldara að taka upplýstar ákvarðanir.
- Aðgengi að gögnum og innsýn í framvindu verkefna.

- Staðlaðir ferlar og verkfærakista tryggja gæði.
- Betri fjárhagsleg stjórn á verkefnum.
- Yfirsýn yfir kostnað, tíma og auðlindanýtingu.
- Hagkvæmari nýting fjármuna.
- Minni sóun á tíma, mannafla og fjármagni með betri yfirsýn og forgangsöröðun.
- Aukið gegnsæi og ábyrgð í rekstri.
- Skýrari ábyrgðarsvið og skráning ákvarðana minnkar áhættu.
- Betri eftirfylgni með gæðum og ferlum.
- Skilvirkari ferlar og minni villuhætta í framkvæmd verkefna.
- Möguleikar á samþættingu við önnur kerfi eykur skilvirkni Minni tvíverknaður og betri upplýsingaflæði milli kerfa.

**Tímarammi:** 12 vikur – fyrsti fasi

**Áætlaður kostnaður:** 2,7 m.kr.

**Næstu skref:**

- Úrvinnsla og kynning gagna.
- Innleiðing verkefnastjóra.
- Uppsetning á markaðsfyrirspurn ásamt kynningum á tilvonandi vörum.
- Áframhaldandi kynning fyrir verkefnaráð.

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 13.2.202 : 2,33

Staðfest skor verkefnaráðs dags 20.02.2025: 2,67 (virðisauki úr 1 í 3 og áhrif á þjónustu og fj.

Notenda úr 1 í 3)

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Samþykkt.

Nr.	Ákvörðun
1	Samþykkt

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir stafrænan leiðtoga USK	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra verkefnastofu.	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

## Framþróun og fjölbreytni á reykjavik.is

Markmið verkefnisins er að færa Reykjavik.is á næsta stig með því að bæta við einingum og virkni fyrir lifandi mannlífsefni. Nú þegar hefur verið skerpt á hönnunarkerfinu og á ólíku útliti og upplifun mismunandi vídda vefsins, en nú er komið að því að hrinda hönnunarvinnunni sem unnin var í fyrra í framkvæmd.

Verkefnið felst í því að forrita nýjar einingar og virkni, fyrir mannlífshluta vefsins, fara yfir efni á rvk.is og sjálfstæðum vefjum og laga að nýrri framsetningu ásamt því að tryggja að umbætur sem gerðar hafa verið á hönnunarkerfi skili sér inn í hönnunarkerfið sjálft með tilheyrandi leikreglum. Verkefnið styður við framtíðarsýn Reykjavik.is sem lifandi, upplýsandi og notendavænan borgarvef.

Í dag mæta einingarnar á vefnum þörfum á framsetningu efnis um þjónustu og stjórnsýslu en síður um mannlíf. Það þarf að bæta framsetningu ljósmynda og auka notkun á þeim í mannlífi og á viðburða og hátíðasiðum. Samskiptateymi er með eindreigna ósk um breytingar og menningar- og íþróttasvið (MÍR) óskar eftir að geta sett fram þjónustur á lifandi og aðlaðandi hátt.

### Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Fjármögnun uppá 22 mkr.
  - 25% hönnuði í 7 mánuði
  - vefsérfræðingi í 33%-50% í 7 mánuði
  - verkefnastjóra í 33%-50% í 8 mánuði

### Búið er að gera:

- Áskorunarramma.
- Vinnustofur með samskiptateymi.
- Samtal við hagaðila.
- Hönnun á mannlífseiningum.
- Greina þörf fyrir forritun vegna breytinga á vefeiningum og smíði nýrra.

### Með verkefninu á m.a að:

- Smíða einingar til að setja fram efni um afþreyingu í borginni á fjölbreyttan og lifandi hátt.
- Smíða virkni fyrir fjölbreyttari nálganir að efni um það sem er í gangi hverju sinni.

### Væntur ávinningur/ábati:

#### Mælanlegur ábati:

- Umhverfisáhrif já (minnkuð losun).
- Tímasparnaður já (minna vefráp fleiri gæðastundir).
- Kostar minna já – (1.000.000 á ári).
  
- Samrekstur Já – fækkum sérvefum.
- 1 stöðugildi samtals.

**Annar ábati:**

- Komið til móts við þarfir og kröfur sviða.
- Bætt stafræn ásýnd.
  
- Ánægja borgarbúa.
- Jákvæðari ímynd borgarinnar.
- Styður þjónustustefnu borgarinnar.

**Samantekt ábata:**

- Reykjavík.is getur sett fram efni sem dregur fram fjölbreytta þjónustu borgarinnar og í takt við þarfir notanda.
- Lifandi efni bætir ásýnd og ímynd borgarinnar og bætir notendaupplifun.
- Vinna sem hefur verið fjárfest í skilar sér í hönnunarkerfið og á aðrar veflausnir.
- Getum fækkað sjálfstæðum vefjum.

**Tímarammi:** 8 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 22 m.kr.

**Næstu skref:**

- Vinnustofur með MÍR.
- Frekari forgangsröðun.
- Uppsetning hönnunar í hönnunarkerfi.
- Byrja forritun á því sem er tilbúið.

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 20.02.2025: 2,60

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefni samþykkt. Mikilvægt að uppfylla aðgengisstaðla og verkefnið stuðlar að inngildingu inn í samfélagið með upplýsingaflæði.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðilli	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnamála	EBB/HA	x

2	Verkefnaskráarstjóri upplýsir deildarstjóra vef- og vörustýringardeildar og deildarstjóra umbreytinga.	EBB/HA	x
---	--	--------	---

Aftur í efnisyfirlit

## Framtíðaruppbygging veflausna (áður þriðja leiðin)

Markmið verkefnisins er að færa þróun Reykjavíkurvefsins og veflægra lausna yfir í nútímalegt forritunar og tækniumhverfi en halda áfram með núverandi umsjónarkerfi. Nýtt umhverfi eykur hraða, sveigjanleika og möguleika á gagnabirtingu, skapar hagræði með samnýtingu kóða og þekkingar starfsfólks og eykur einnig möguleika á samstarfsaðilum. Hugbúnaðardeild, gagnabjónusta og vefteymi ná þéttara samstarfi í sameiginlegu tækniumhverfi. Upplifun notenda verður betri með skalanlegri og lifandi síðum, sem tryggir betra efnisflæði og nútímalegt viðmót. Með þessu verkefni verður sífelld þróun á vef og þannig minnkar þörf fyrir stórar uppfærslum.

### Óskað er eftir frá verkefnaráði:

- Fjármögnun uppá 19,5 mkr.
- Inni í því er verkefnastjóri, framendaforritarar, og bakenda (drupal) forritari og hönnun ef þarf

### Búið er að gera:

- Áskorunarramma.
- Vinnustofa með hagaðilum.
- Setja stað fyrir kóðann í reykjavik.is umhverfinu.
- Lista upp einföld verkefni til að byrja á:
  - Leikskólareiknir — reykjavik.is
  - Sorphirðudagatal — reykjavik.is/
  - Kjörstaðaleit — reykjavik.is/
  - Húsnæðisuppbygging — reykjavik.is
  - (Ábendingavefur)

### Með verkefninu á m.a að:

Setja upp sveigjanlegt tækniumhverfi þar sem vefur og stakar hugbúnaðar og/eða gagnalausnir geti runnið saman með notkun React framenda á móti Drupal bakenda. Setja lausnir upp í reykjavik.is hýsingarumhverfinu.

### Væntur ávinningur/ábati:

#### Mælanlegur ábati:

Miðað við 5 ára tímabil:

- Tímasparnaður 1.330 klst (6.650 klst á 5 árum) Devops, Hugbúnaðarteymi, verkefnastjórar
- Azure hýsing 7.500.000 kr.

- Reykjavík 3.0: áætlað er að verkefnið geti dregið úr framtíðarfjárfestingarkostnaði sem nemur um 200.000.000 kr. - Þar sem vefsvæði Reykjavíkurborgar er margrætt og tengt mörgum sérlausnum (t.d Saltfiskur Hvirfill, leitarvél) myndi stór alsherjar endurnýjun á vefsvæðinu vera mjög flókin og leiða af sér fjölda afleiddra verkefna sem myndu kosta u.þ.b 200 m.kr að mati verkefnateymisins.
  - Með því að byrja þessa vegferð strax og koma okkur á næstu árum jafnt og þétt í uppfært umhverfi og nýta til þess sem mest í starfsfólk sem er þegar til staðar og verkefni sem eru í gangi hverju sinni getum við að sparað fjárfestingu sem stórt uppfærsluverkefni myndi kalla á.
  - 200 milljónir er miðað við 7 manna teymi samansett föstum starfsmönnum og verktökum í vinnu í 12 mánuði
- 70% stöðugildi á ári - mat hugbúnaðarþróunar á að væri hægt að spara hjá þeim/Devops við að losna við umstangið í kringum minni sjálfstæðar lausnir sem í nýju umhverfi væri hægt að fella inn í reykjavik.is umhverfið auk þess sem í nýju umhverfi getur hugbúnaðarþróun sjálf séð að mestu leyti um allar útgáfur fyrir vefinn.
  -
- Samtals 207,5 m.kr á 5 ára tímabili og allt að uppsafnað 70% stöðugildi á ári.
- Rekstrarkostnaður á ekki að hækka við þetta, frekar að lækka þar sem fyrir hendi eru útgáfufarlar sem hægt er að nýta og þessar lausnir eiga heima í hýsingu með reykjavik.is.

**Annar ábati:**

- Faglegri framsetning efnis.
- Ánægja borgarbúa.
- Beinna og þéttara samstarf eininga út af sameiginlegu umhverfi.
- Nýtt umhverfi og skýrari kröfur til verkefna, auðveldar samstarf við fleiri birgja.

**Samantekt ábata:**

- Stöðug ítrun í stað stærri og tímafrekari uppfærslna.
- Skýr viðmið og reglu um efni/verkefni sem eiga að birtast undir rvk.is.
- Aukið rekstraröryggi og öryggisstýring.
- Betri nýting fjárfestingar/mannauðs sem er fyrir hendi.

**Tímarammi:** 9 mánuðir

**Áætlaður kostnaður:** 19,5 m.kr.

**Næstu skref:**

- Fá inn forritara.
- Prufuuppsetning.
- Greina hvað þarf að gera til að hlutirnir virki eins og við viljum.
- Fá fyrsta einfalda verkefni til að virka.
- Fá verkefnastjóra og finna út boðleiðir og ákveða hvernig við vinnum best saman.

**Tegund verkefnis:** Fjárfestingarverkefni

**Skor verkefnisins í Fylkinu:**

Staðfest skor verkefnaráðs dags 20.02.2025: 3,27

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefni samþykkt. Mikilvægt er að samræma tæknistakk þróunarteyma.

Nr.	Ákvörðun
1	Verkefni samþykkt

**Aðgerðalisti**

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1	Verkefnaskráarstjóri upplýsir skrifstofustjóra gagnamála	EBB/HA	x
2	Verkefnaskráarstjóri deildarstjóra vef- og vörustýringar og þróunarstjóra.	EBB/HA	x

Aftur í efnisyfirlit

## Önnur mál

**Fundir í apríl vegna frídaga**

Fundur sem er bókaður 17.apríl er frídagur – færum til 10.apríl ef þörf er á? 90 mín

Fundur sem er bókaður 1.maí er frídagur – færum til 8.maí ef þörf er á? 60 mín fundur

Fundur sem er bókaður 29.maí er frídagur – færum til 5.júní ef þörf er á? 60 mín fundur

Niðurstaða:

Samþykkt, verkefnaskráarstjórar breyta fundabókunum.

**Gæðamál**

Á hvert og eitt svið að óska eftir fjármagni fyrir gæðakerfi eða greiða sjálf? Þjónustu- og nýsköpunarsvið er nú þegar búin að innleiða work point frá Spektra og reynist vel. USK er í ferli. Þetta var greitt af rekstrarfjármagni vörustjóra Microsoft. (ca 3.2 m.kr.)

FAS gerði sinn samning sjálf.

**Niðurstaða verkefnaráðs:**

Verkefnastjóri kemur inn á verkefnaráðsfund með niðurstöðu úr frumathugunarverkefni og næstu skrefum.

Förum í viðræðum um að stækka samninginn og drögum vörustjóra Microsoft 365 að borðinu. Við viljum frekar hafa einn samning en marga samninga. Taka þetta heildstætt og aðgangsstýringu að hverju og einu sviði.

Framkvæmdin þarf að vera eins og með hvert annað fjárfestingarverkefni, sviðin koma inn og óska eftir að fá aðgengi að kerfinu, það þarf að passa að hvert og eitt svið sé ekki að gera samning.

Aftur í efnisyfirlit

Næsti fundur verkefnaráðs er 6.3.2025